

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 30. janúar 2009

Viðskiptaþingi 2009 frestað fram í mars

Á undanförunum árum hefur Viðskiptaþing verið haldið í febrúar og verið einn helsti vettvangur fyrir skoðanaskipti viðskiptalífs og stjórnvalda. Tilgangur þingsins hefur fyrst og fremst verið að reifa sjónarmið viðskiptalífs um umhverfi rekstrar og framtíðarstefnu stjórnvalda í efnahagsmálum, ýta við umræðu um brýn úrlausnarefni og leggja fram leiðir að lausnum.

Gert var ráð fyrir að Viðskiptaþing 2009 yrði haldið þann 4. febrúar næstkomandi. Í ljósi yfirstandandi breytinga á ríkisstjórn og almennrar óvissu í stjórnámálum er aftur á móti ljóst að gefa þarf nýjum stjórnvöldum ráðrúm til að hefja úrlausn brýnna verka. Viðskiptaþingi 2009 hefur því verið frestað fram í mars. Endanleg dagsetning verður auglýst í næstu viku.

Dagskrá þingsins verður með svipuðu sniði og áður. Þó er gert ráð fyrir meiri þátttöku leiðtoga stjórnmalaflokkanna til að gera grein fyrir áherslum sinna flokka gagnvart atvinnulífinu í aðdraganda vorkosninga. Nánari upplýsingar um dagskrá og fyrirkomulag þingsins verða sendar þegar nær dregur.

Frestun álags vegna skila á virðisaukaskatti

Vegna áframhaldandi truflana sem orðið hafa á innlendri bankastarfsemi hefur fjármálaráðuneytið ákveðið að beita heimild til tímabundinnar niðurfellingar álags vegna skila á virðisaukaskatti fyrir uppgjörstímabilið nóvember og desember 2008. Hefur ráðuneytið nú beint þeim tilmælum til skattstjóra að fellt verði tímabundið niður álag vegna skila á virðisaukaskatti sem er á gjalddaga 5. febrúar 2009 og gildir sú niðurfelling í rúma viku, eða til 13. febrúar. Aðildarfélagar Viðskiptaráðs þurfa því ekki að standa skil á virðisaukaskatti fyrr en 13. febrúar.

Viðskiptaráð fagnar því að fjármálaráðuneytið skuli sýna áframhaldandi sveigjanleika í innheimtu opinberra gjalda, enda ljóst að slíkar aðgerðir létta róður fyrirtækja í núverandi árferði. Tímabundinn niðurfelling álags vegna skila á virðisaukaskatti og staðgreiðslu, ásamt heimildum til að dreifa greiðslum af því tagi, er mikilvægur liður í þeim efnum. Aftur á móti kallar Viðskiptaráð eftir því að lagðar verði niður, með góðum fyrirvara, skýrar línur hvað þetta varðar svo fyrirtæki geti brugðist við í tæka tíð og tekið tillit til þessara atriða við gerð rekstraráætlana.

Lækka þarf stýrivexti

Á vaxtaákvörðunardeggi Seðlabankans í gær var tilkynnt að stýrivextir yrðu óbreyttir um sinn, 18%. Þetta

er óbærilegt vaxtastig og ljóst að atvinnulífið getur ekki staðið undir því. Nýleg viðhorfskönnun Viðskiptaráðs staðfestir vandann, en meirihluti aðildarfélagaráðsins, sem eru fyrirtæki úr öllum geirum atvinnulífsins, telja hátt vaxtastig meðal sinna stærstu vandamála. Að auki er ljóst að 18% stýrivextir þjóna ekki lengur því hlutverki að halda fjármagni inni í landinu þar sem gjaldeyrishöftin, sem lögfest voru í nóvember á síðasta ári, fyrirbyggja fjármagnsflutninga að nær öllu leyti. Þá eru 18% vextir ekki í nokkru samræmi við horfur í efnahagsmálum.

Viðskiptaráð leggur því til að farið verði að fordæmi seðlabanka annarra ríkja og vextir á innlendum markaði verði lækkaðir umtalsvert. Þetta þarf að gerast eigi síðar en á næsta fyrirhugaða vaxtaákvörðunardegi Seðlabanka Íslands, þann 19. mars næstkomandi. Hér er atvinnulífið og þar með atvinnustigið að veði.

Meirihluti fyrirtækja segir bankþjónustu hafa versnað

Tæpur þriðjungur aðildarfélagaráðs Íslands telja bankþjónustu gagnvart sér hafa versnað frá því að bankarnir voru ríkisvæddir. Þetta er ein af niðurstöðum viðhorfskönnunar sem Viðskiptaráð hefur nýlokið framkvæmd við, þar sem m.a. var kannað viðhorf fyrirtækja til afleiðinga bankahrunsins, rekstrarstöðu fyrirtækja og nauðsynlegra aðgerða til endurreisnar hagkerfisins. Heildarniðurstöður könnunarinnar verða kynntar ítarlega á næstu dögum og vikum.

Að svo stórt hlutfall fyrirtækja skuli telja bankþjónustu gagnvart sér hafa versnað með ríkisvæðingu bankakerfisins er áhyggjuefni, enda er vel starfhæft innlent bankakerfi ein af forsendum þess að öflugt atvinnulíf geti þrífist. Þess vegna er brýnt að tafarlaust verði gripið til aðgerða til að styrkja nýja bankakerfið. Í þeim efnum skipta þrjár aðgerðir mestu. Í fyrsta lagi þarf að ljúka samningum vegna erlendra innstæðutrygginga. Í öðru lagi liggur á að ljúka samningum við kröfuhafa gömlu bankanna um uppgjör á þrotabúum þeirra. Í þriðja lagi þarf að hraða endurmati á þeim eignum sem færast frá gömlu bönkunum til þeirra nýju og eiginfjárframlagi ríkissjóðs til nýju bankanna.